6. fundur stjórnar
Starfsárið 2026-2027
3. júlí 2026

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Kári (framkvæmdastjóri).
Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir
Fundur settur: 15:03.

1. Yfirferð og samþykkt fundargerðar síðasta stjórnarfundar
Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Umræða um skipulag skrifstofu
Kári segir frá vinnu um breytingar á skipulagi skrifstofu. Starfsfólk hefur fundað með Hrönn Pétursdóttur stjórnunarráðgjafa um störf sín, og Hrönn skilað inn tillögu að nýju skipulagi skrifstofu. Stjórn ræðir þessa tillögu og vítt og breitt um skipulag skrifstofu. Þessi vinna heldur áfram.

3. Vinnustaðagreining
Áfram er haldið með umræðu um skrifstofu og störf hennar. Stjórn ræðir niðurstöður vinnustaðagreiningar sem sálfræðistofan Líf & sál gerði nýverið fyrir Samtökin. Haldið verður áfram að ræða þessi mál á næsta stjórnarfundi.

4. Fundur með rannsakanda frá Churchill Fellowship
Vera og Hrönn funduðu, ásamt fulltrúum Trans Ísland og Roller Derby Iceland, með Bretanum Kole Fulmine sem vinnur að rannsókn á þátttöku trans fólks í íþróttum með styrk frá Churchill Fellowship. Þær segja frá fundinum.

5. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
Stjórn er brugðið vegna fregna um að mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hafi verið lögð niður, en vonast til þess að samstarf við Reykjavíkurborg verði áfram gott. Samtökin '78 hafa sent póst á Hildi Björnsdóttur, borgarstjóra Reykjavíkur, og óskað eftir fundi til að fá frekari upplýsingar um mannréttindaskrifstofuna og stöðu hinsegin málefna innan borgarinnar. Svar hefur ekki enn borist.

6. Fundardagskrá í júlí
Stjórn ræðir næstu fundi sumarsins.

7. Önnur mál
Stjórn ræðir ýmsar hugmyndir að efni fyrir samfélagsmiðla.

Fundi slitið: 16:15.